

KORNID

Fréttabréf Akurskóla • 8. árgangur • 1. tölublað • febrúar 2012

Börn eru gleðigjafar, skapandi og fróðleiksbús



Akurskóli flaggar Grænfána

Þann 25. janúar sl. afhenti fulltrúi Landverndar, Gerður Magnúsdóttir, nemendum og starfsmönnum Akurskóla Grænfánann við hátíðlega athöfn í Narfakotsseylu. Grænfáninn er alþjóðleg viðurkenning sem veitt er fyrir góða frammistöðu í menntun til sjálfbærrar þróunar og fyrir að leggja sitt af mörkum til þess að efla og bæta umhverfismál innan skólans og í nærsamfélaginu.

Við athöfnina var Þorraþræll sunginn og lagið sem unga kynslóðin söng í áramótaskaupi sjónvarpsins 2011. Heitt kakó og kleinur voru í boði fyrir alla. Grænfáninn var síðan dreginn að hún við Akurskóla þegar heim var komið. Við viljum þakka öllum þeim sem komu og tóku þátt í þessum áfanga með okkur kærlega fyrir komuna.

Akurskóli hóf ferðalag sitt sem „Skóli á grænni grein“ haustið 2009 en allt frá stofnun hans hefur stefnan verið tekin á umhverfisvænan skóla. Hugmyndir frá nemendum og starfsmönnum hafa verið margar og verkefni því ótal mörg sem hinir ýmsu hópar hafa tekið sér fyrir hendur. Allir hafa hjálpast að og tekið vel í allar breytingar sem ákveðið hefur verið að framkvæma, hversu stórar eða smáar sem þær voru. Meðal verkefna undanfarin tvö ár má nefna endurnýtingu og endurvinnslu pappírs, moltugerð, kartöflurækt, flokkun úrgangs og hófleg notkun vatns og rafmagns. Stefnt er að því að allir geri sér grein fyrir mikilvægi náttúru- og umhverfisverndar, tileinki sér ábyrga hegðun og umgengni í og við

umhverfi skólans og læri að þekkja nánasta umhverfi sitt og þær lífverur sem þar lifa.



Í Akurskóla heldur ferðalagið áfram og við ætlum okkur að vinna hörðum höndum að því að viðhalda og bæta umhverfi okkar og vinnubrögð. Í nánustu framtíð er stefnt að því að gera umhverfissáttmála Akurskóla sýnilegan í aðalálmu skólans en nú má finna hann á heimasíðunni. Við viljum þakka öllum nemendum, starfsmönnum og foreldrum fyrir þeirra þátt í því að gera Akurskóla að Grænfánaskóla og óska þeim til hamingju með áfangann.



Nemendur í 2. og 3. bekk hafa verið að vinna með námsefnið „Komdu og skoðuðu himingeiminn“ undanfarnar vikur. Það kom sér vel að hafa aðgang að þessu frábæra útikennslusvæði okkar, Narfakotsseylu, en þangað örkuðu Kópar eldsnemma einn morgun í janúar og lögðust niður í snjóinn og virtu fyrir sér stjörnuhiminninn. Pólstjarnan og Venus skinu skært ásamt fleiri stjörnum sem reynt var að geta sér til um hverjar væru. Það fór nokkur tími í að reyna að finna stjörnumerkin og gekk það misvel eins og vænta mátti. Sumir krakkar upplifðu stjörnuhrap í fyrsta skipti á ævinni en þau voru nokkur. Þegar komið var upp í skóla teiknuðu nemendur mynd af upplifun sinni í fyrstu stjörnuskoðunarferð í Narfakotsseylu.

Nemendur unnu síðan saman í litlum hópum við að búa til sólkerfið

okkar og hengja upp í stofunum ásamt upplýsingum um stjörnurnar. Áfram var unnið með himingeiminn og krakkarnir útbjuggu vinnubók þar sem þau skráðu upplýsingar um reikistjörnurnar og teiknuðu myndir af þeim. Hver og einn skoðaði líka stjörnumerki sitt og setti myndir og upplýsingar í bókina. Þau bjuggu til forsíðu á vinnubókina sína úr pappírsmassa og urðu til einstaklega vandaðar og skemmtilegar síður. Allir voru stoltir af sínu verki.

Kópar skelltu sér upp í geimflug og fengu frjálst val um hver áfangastaðurinn yrði. Það mátti líka velja hvort maður gerðist geimvera eða vera maður sjálfur en í ferðinni varð að koma upp vandamál eða óvæntur atburður sem þurfti að leysa. Ekki vantaði hugmyndaflugið hjá krökkunum frekar en fyrri daginn og höfðu allir gaman af þessari vinnu.



Brúum bilið á Þorranum

Akurskóli og leikskólarnir Holt og Akur unnu sitt árlega þemaverkefni um Þorran. Í verkefninu tóku þátt rúmlega níutíu börn á aldrinum fimm til sjö ára auk starfsfólks. Nemendum var skipt í sex hópa sem fóru á milli skóla og unnu ólík verkefni, en öll tengdust þau annað hvort Þorranum eða gamla tímanum á einhvern hátt. Dæmi um verkefni sem nemendur fengust við voru

þæfing utan um steina, dansað og sungið um Ólaf Liljurós, Gilitrutt var lesin og leikin, gömlu mánaðarheitin voru kynnt, Þorramatsbingó var spilað, rúgbrauðs-, sviðasultu- og smjörgerð, unnið var í listasmiðju, leikið með gömul gull, (bein, horn), Stekkjarkot var heimsótt og farið var í leiki í Narfakotsseylu. Á föstudeginum hittust svo allir á Akri til að dansa, syngja og smakka á afurðunum.



Smámynt

Á dögnum barst okkur í 1. bekk vegleg gjöf en þá kom Sölvi í Hvolpum færandi hendi ásamt móður sinni með fullt box af gamalli smámynt svo sem tókollum, fimmtíuaurum, fimmtíuköllum, flotkrónum o.fl. Þetta sómir sér vel í smáhlutasafninu okkar og kemur til með að nýtast vel í stærðfræðikennslu. Myntin kemur frá afa hans Sölva og viljum við þakka kærlega fyrir okkur. Það er alveg einstakt að fá svona gersemar upp í hendurnar.



Ljósaskrúðganga

Mánudaginn 6. febrúar sl. var dagur leikskólans og fengu nemendur í 1.- 5. bekk skemmtilega heimsókn af því tilefni. Stór hópur barna af leikskólanum Holti kom, í rokinu og rigningunni, gangandi að Akurskóla í Ljósaskrúðgöngu. Hvert barn hélt á ljósi og táknaði ljósið leikskólabarnið og mikilvægi leikskólans í samfélaginu. Leikskólabörnin staðnæmdust fyrir utan glugga að rýmum 1. – 5. bekkja og sungu þrjú lög fyrir nemendur. Þeir sem voru inni í skólanum slökktu ljósin í stofunum sínum, horfðu á ljós leikskólabarnanna og hlustuðu á söng þeirra.

Í Akurskóla er starfandi foreldrafélag FFA sem foreldrar verða sjálfkrafa félagar í þegar börn þeirra hefja nám við skólann.

Frá stjórn FFA

Starf foreldrafélagsins hefur gengið vel í vetur. Frábært hvað foreldrar leggja sitt af mörkum með því að greiða félagsgjöldin sem gerir það kleift að styðja við nemendur skólans með ýmsum hætti. Bekkjjarfulltrúar hafa staðið fyrir bekkjarkvöldum og uppákomum í vetur og foreldrar mætt með sínum börnum eins og vera ber. Þátttaka í Ég og þú námskeiðunum fyrir jól fór fram úr björtustu vonum og sýnir allt þetta að foreldrar hafa áhuga á að taka þátt í skólasamfélaginu.

Í upphafi nýs árs var fundur með foreldrum og skólastjórnendum um hvernig stuðla mætti að betri námsárangri nemenda og má geta þess að nemendur elsta stigs lögðu líka fram sín sjónarmið. Þetta var góður og gagnlegur fundur. Þátttaka foreldra í skólasamfélaginu getur verið með mörgum hætti, hvort sem er að mæta með börnum sínum á bekkjarsamkomur eða taka þátt í mótun á starfi skólans á breiðum grundvelli. Skólasamfélagið er alltaf í þróun en í þá átt að samstarf heimila og skóla mun verða mikilvægara og æskilegt að foreldrar taki virkan þátt.

Foreldrafélagið stendur fyrir opnum fundi í mars með foreldrum þar sem m.a. verður leitað eftir hugmyndum hvernig við getum gert foreldrasamstarfið öflugt og skemmtilegt svo að sem flestir foreldrar finni fyrir áhuga á að vera með og leggja sitt af mörkum. Minnum á að enginn getur gert allt en allir geta gert eitthvað. Þáskabingó sem er skipulagt af foreldrum 4. og 5. bekkja verður 26. mars og eins og flestum er kunnugt um er margt um góða vinninga. Þetta er orðinn árviss og skemmtilegur viðburður í skólanum. Þess má geta að allur ágóði af sölu bingóspjalda hefur alltaf runnið óskertur til að styðja við skólastarfið. Ég og þú námskeiðin verða einnig haldin á næstunni og verða að þessu sinni fyrir miðstig skólans.

Foreldrafélagið þakkar foreldrum fyrir þeirra framlag í vetur og bæði gefandi og gott samstarf. Starf félagsins er undir ykkur komið og má með sanni segja að þið hafið lagt ykkar að mörkum. Minnum foreldra á að greiða félagsgjöldin sem eru 1.500 kr. séu þeir ekki þegar búnir að því en það hafa alltaf verið góð skil á félagsgjöldum og er það afar mikilvægt til þess að FFA geti haldið áfram með sitt góða starf sem allt er í þágu nemenda.

Kveðja,
Stjórn FFA

Í stjórn FFA sitja:

Guðmundur Þórðarsson	Formaður
Erla Guðmundsdóttir	Varaformaður
Halldóra Hreinsdóttir	Gjaldkeri
Guðmunda Hergeirsdóttir	Ritari
Elísabet Kjartansdóttir	Meðstjórnandi
Katrín Jóna Ólafsdóttir	Meðstjórnandi
Kristín Þorsteinsdóttir	Meðstjórnandi
Jóna Guðrún Jónsdóttir	Varamaður



Hlífðarskyrtur óskast

Kæru foreldrar, ef þið lumið á notuðum skyrtum heimavið sem þið hafið ekki lengur not fyrir væri vel þegið að fá þær sem hlífðarskyrtur fyrir nemendur í myndmennt og öðrum greinum.



Lumar þú á bók?

Við höfum áður biðlað til foreldra og velunnara Akurskóla um aðstoð við að auka bókakost á bókasafninu okkar. Viðbrögð hafa verið góð en samt sem áður biðlum við enn á ný og spyrjum hvort einhver lumi á barna- eða unglingabók sem myndi sóma sér vel á bókasafni Akurskóla og nýtast nemendum okkar til yndislestrar?

Ungur ritstjóri í Akurskóla

Sæþór Berg Ásgeirsson er ritstjóri Hnísufrétta. Hann ákvað í haust að gefa út sérstakt bekkjarblað þar sem sagt er frá því helsta sem drífur á daga Hnísa sem eru í 4. – 5. bekk. Sæþór fékk móður sína, Hrefnu Tómasar, til liðs við sig en einnig hafa aðrir nemendur í Hnísum lagt hönd á plóg en öllum bekkjarfélögum er velkomið að birta efni í blaðinu. Nú þegar hafa tvö tölublöð verið gefin út og má þar sjá fasta liði eins og fréttir af bekkjarstarfi, stjórnsúpa og brandarahorn. Hnísufréttir er afar gott og skemmtilegt blað og ætla ritstjórinn ungi að halda útgáfunni ótrauður áfram ásamt bekkjarfélögum sínum. Gaman verður að sjá hvað framtíðin ber í skauti sér hjá ungu blaðamönnum í Hnísum.



FYRIRLESTRAR OG RÁÐSTEFNUR Á MIÐÖNN

Rafrænt einelti

Helga Lind Pálsdóttir félagsráðgjafi heimsótti Akurskóla 17. janúar sl. og fræddi nemendur 6. – 10. bekkjar og starfsfólk skólans um áhrif rafræns eineltis. Helga kynnti helstu niðurstöður nýrrar rannsóknar sinnar á rafrænu einelti. Rannsókninni var ætlað að varpa ljósi á hugarheim unglunga varðandi rafrænt einelti og leitast var við að fá fram og skoða mat unglunga á ástæðum og afleiðingum rafræns eineltis og hvort skilningur og mat stúlkna og drengja væri á einhvern hátt ólíkt. Rannsóknin byggir á hópviðtölum við nemendur á unglingastigi í tveimur grunnskólum.

Helstu niðurstöður benda til að unglingar hafi takmarkaðan skilning og þekkingu á rafrænu einelti, að þörf sé á aukinni fræðslu og að nafnleyndin sem oft fylgir rafrænu einelti kunnir að vera stór áhrifaþáttur og ein helsta ástæða þess að unglingar lenda í og/eða taka þátt í rafrænu einelti. Nafnleyndin geri einnig að verkum að erfitt er að takast á við rafrænt einelti og afleiðingar þess. Í rannsókn Helgu Lindar kom fram að vegna nafnleyndar geranda álitu unglingarnir í rannsókninni það bera lítinn árangur að leita aðstoðar fullorðinna vegna rafræns eineltis. Töldu unglingarnir að þeir sem lenda í rafrænu einelti kjósi fremur að leita aðstoðar vana en fullorðinna, foreldra eða skólafyrivalda.

Hjá Helgu kom fram að mikilvægt er að auka umræðu og fræðslu um

rafrænt einelti, sérstaklega meðal ungmenna. Einnig benti hún á mikilvægi þess að rafrænt einelti verði skilgreint verkefni og viðfangsefni í eineltisáætlunum í grunn- og framhaldsskóla.

Ráðstefna Félags skólastjórnenda á Reykjanesi

Þá má geta þess að stjórnendur Akurskóla sóttu fjölmenna ráðstefnu SKÓR, Félags skólastjórnenda á Reykjanesi á dögum sem um áttatíu félagsmenn sóttu. Á ráðstefnunni flutti Jón Baldvin Hannesson skólastjóri Giljaskóla á Akureyri erindi um námsmat í Giljaskóla. Í erindi sínu fjallaði Jón Baldvin um niðurstöður rannsókna dr. Carol S. Dweck á starfsemi heilans sem sýna að lykill að árangri liggur oftast en ekki í einbeitingu, þrautseigju og viljastyrk. Að mati Dweck eru það þeir einstaklingar sem vita hvað þeir vilja og taka ótrauðir stefnuna að markmiði sínu gegnum margvíslegt andstreymi sem ná mestum árangri. Giljaskóli hefur þróað námsmat í samræmi við áherslur nýrrar aðalnámskrár grunnskóla frá 2011, nýjar rannsóknir um áhugahvöt og heilarannsóknir auk áherslna úr uppbyggingarstefnunni, Uppeldi til ábyrgðar. Á ráðstefnunni fluttu einnig Helena Óladóttir, verkefnastjóri Náttúruskóla Reykjavíkur, og Orri Páll Jóhannsson verkefnisstjóri „Skóli

á grænni grein“ erindi um sjálfbæra þróun. Sjálfbær þróun eru orð sem við heyrum oftast í daglegu lífi en samkvæmt skilgreiningu þeirra er sjálfbær þróun „sú þróun sem gerir okkur kleift að mæta þörfum okkar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til þess að mæta sínum þörfum.“ Ráðstefnugestum fannst erindin fróðleg og áhugavert innlegg í skólamálafræði nútímans.

Blátt áfram

Sigríður Björnsdóttir frá samtökunum Blátt áfram hélt erindi um forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum fyrir starfsmenn Akurskóla í febrúar. Markmið samtakanna er að virkja hina fullorðnu í samfélaginu til að vernda börn gegn kynferðislegri misnotkun. Í erindi Sigríðar kom m.a. fram að ein af hverjum fimm stúlkum og einn af hverjum tíu drengjum á Íslandi hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi. Það kom skýrt fram hjá Sigríði að forvarnir gegn slíku ofbeldi snúast um fræðslu og því er mikilvægt að allir séu upplýstir, bæði börn og fullorðnir. Á undanförunum árum hefur nemendum á yngsta stigi í Akurskóla verið boðið upp á brúðuleikritið *Krakkarnir í hverfinu* sem er leikþáttur um líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi þar sem brúður tala við börnin og taka við spurningum frá þeim. Á heimasíðu samtakanna blattafram.is má finna frekari upplýsingar um þennan málaflokk og námskeið sem í boði eru.

Akurpenninn

Efnt var til ritgerðarsamkeppni sem ber yfirskriftina **Akurpenninn**. Voru nemendur hvattir til að skrifa sögur frá eigin brjósti en út frá ákveðnu viðfangsefni. Viðfangsefnið að þessu sinni var HUGREKKI. Þær sögur sem bárust frá nemendum báru vott um sköpunarkraft og hugmyndaauðgi. Vinninghafa voru kynntir á öskudaginn og má sjá vinningshafana á meðfylgjandi myndum.



4. - 5. bekkur: Logi Sigurðsson og Kristófer Hugi Árnason.

6. - 7. bekkur: Gunnhildur Björg Baldursdóttir og Eydis Ósk Kolbeinsdóttir.



8. - 10. bekkur: Adam Eiður Ásgeirsson og Alexander Hauksson.



SKÓLAHREYSTI

Undanfarna mánuði hefur úrtakshópur af nemendum verið að æfa sig fyrir Skólahreysti og nú er svo komið að valið hefur verið fjögurra manna lið, tveir drengir og tvær stúlkur, sem koma til með að keppa fyrir hönd Akurskóla. Það reyndist afar erfitt að velja nemendur í lokahópin því margir komu til greina. Að lokum urðu eftirfarandi nemendur fyrir valinu: Hjá stúlkunum voru það Sóley Prastardóttir og Magnea Guðný Stefánsdóttir en hjá strákonum Eiður Geir Vilhelmsson

og Einar Logi Guðmundsson. Undankeppnin verður haldin 8. mars við Íþróttahúsið í Austurbergi kl.19:00 og því er stutt í mótið. Við óskum þessum krökkum alls hins besta og vonum að þau hafi gaman af og geri sitt allra besta.



Námsmaráðon hjá 10. bekk

Síðustu helgina í janúar voru við Ernir með námsmaráðon í skólanum sem er liður í því að fjármagna vorferðalag 10. bekkjar. Námsmaráðonið stóð í einn sólarhring og komu nemendur vel nestaðir að heiman svo það myndi duga allan tímann.

Eftir tíma hjá Lúllu námsráðgjafa komu Jana og Erlingur. Þau fóru með okkur í stærðfræði og svo inn í heimilisfræðistofuna þar sem við bökuðum vöflur, þeyttum rjóma og bjuggum til heitt súkkulaði. Eftir að setið var við ritgerðarskrif og lærdóm í stærðfræði, ensku og samfélagsfræði kom Freyr íþróttakennari og hleypti okkur inn í íþróttasal þar sem við fengum góða útrás í alls kyns æfingum og leikjum. Síðan var næðisstund með Ósk,ínu og Þorgerði. Þreyttir og lúnir nemendur reyndu að læra eitthvað til morguns en flestir voru fegnir að komast heim klukkan átta um morguninn. Þetta var ótrúlega gaman, gott námslega og félagslega fyrir bekkinn.

Ég spurði Ástþór, nemenda í 10. bekk, hvað honum fannst.

Varstu þreyttur eftir námsmaráðonið?
Svar: „Já.“

Hvað fannst þér skemmtilegast?
Svar: „Heimilisfræði.“

Værir þú til í að gera þetta aftur?
Svar: „Kannski.“

Sóley Prastardóttir, Örnur

Framtakssamir áhugamenn um körfubolta

Adam Eiður Ásgeirsson, sem er nemandi í 9. bekk, er mikill körfuboltaáhugamaður. Hann hefur æft körfubolta í átta ár og sækir alla heimaleiki UMFN. Haustið 2010 ákvað hann ásamt vini sínum, Sigurjóni Gauta Friðrikssyni, að deila áhuga sínum á þessari skemmtilegu íþrótt og efla körfuboltaáhuga á Íslandi með því að setja upp heimasíðu þar sem hægt væri að fylgjast með og lesa fréttir um körfubolta. Þeir fengu lénið korfubolti.net til afnota og ævintýrið hófst. Það er mikil vinna að halda úti öflugri heimasíðu en þeir félagar skrifa allar fréttir sjálfir, setja inn myndir og uppfæra síðuna reglulega. Að sögn Adams er það miklu meira en eins eða tveggja manna verk og nú er svo komið að fleiri áhugasamir aðilar hafa bæst í hópinn og má þar nefna Vigni Örn Ágústsson, Gunnlaug Svein Hafsteinsson, Alexander Hauksson sem sér um markaðs- og sölumál, Elvar Pétur Indriðason sem forritar og Erik Snæ Elefsen sem er ljósmyndari hópsins. Um þessar mundir eru Adam og



félagar að prófa að vera með beinar útsendingar á síðunni af heimaleikjum UMFN og gengur það mjög vel. Til þess að hægt verði að senda út frá öðrum leikjum leita þeir nú að samstarfsaðilum á öllu landinu og er því hér með komið á framfæri. Það þarf vart að nefna það að körfubolti.net er eingöngu unnin í sjálfböðavinnu en markaðsstjórinn benti á að þeir væru ávallt að leita eftir styrkjum. Strákarnir segjast fá yfir 300 heimsóknir á síðuna daglega og eru mjög ánægðir með þann árangur. Adam og félagar hvetja alla til að skoða heimasíðuna þeirra og að sjálfsögðu einnig til að mæta á alla Njarðvíkurleiki.



HÁR OG LIST

Þann 19. des sl. var haldin sýning hjá Hár- og listhópnum en það er val hjá 8., 9. og 10. bekkjum.

Með þessari sýningu vildu nemendur og kennari sýna hvað þau hafa verið að vinna að og hvað hægt er að búa til úr mismunandi efnum.

Nemendur hönnuðu mismunandi hárgreiðslur og hárskraut sem þau bjuggu m.a. til úr gömlum gallabuxum, sokkabuxum og neti af mandarínukassa. Einnig hönnuðu þau klæði úr svörtum plastpokum sem módelin klæddust.



ÖSKUDAGSFJÖR Í AKURSKÓLA



Ég heiti **Erna Ósk** og er Keflvíkingur í húð og hár. Þar bý ég ásamt Margeiri mínum og dætrum okkar þeim Helen Maríu 5 ára og Bergdísí Brá 2ja ára. Ég var alla mína skólagöngu í Keflavík, fyrst fór ég í Myllubakkaskóla frá 1. - 6. bekk og þaðan lá leið mín í Holtaskóla. Eftir Holtaskóla fór ég í Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Frá þessum stöðum er ég svo lánsöm að eiga yndislegar minningar. Ég bjó svo í þrjú ár í Danmörku þar sem ég stundaði nám í sagnfræði í eitt ár og fór svo í fjarnám frá Háskóla Íslands en þaðan útskrifaðist ég árið 2009 sem grunnskólakennari. Ég hef starfað í Akurskóla frá 2008 og finnst þetta frábær vinnustaður í alla staði, hér eru frábærir nemendur og samstarfsmenn. Ég kenni núna 4. og 5. bekk þar sem ég er umsjónarkennari ásamt því að kenna grenndarnámssmiðju. Mín helstu áhugamál eru útivist, umhverfisvernd, ferðalög, körfubolti, kökuskreytingar og samverustundir með fjölskyldu og vinum. Á sumrin reynum við fjölskyldan að vera dugleg að ferðast, þá sérstaklega innanlands. Einnig finnst okkur ákaflega skemmtilegt að ferðast utanlands. Mitt lífsmottó er: Hugaðu jákvætt því það er léttara.

KORNID

Fréttabréf Akurskóla

Ritstjóri: Guðný Ester Aðalsteinsdóttir
 Ábyrgðarmaður: Jónína Ágústsdóttir
 Útlitshönnun: Magnús Valur Pálsson
www.akurskoli.is

- 1. mars Viðtöl vegna námsmats
- 2. mars Starfsdagur
- 23. mars Árshátíð
- 2. apríl Páskafrí hefst
- 10. apríl Kennsla hefst að loknu páskafríi